

# MOSFELLINGUR

17. tbl. 4. árg. fimmtudagur 8. des. 2005. Dreift frítt inn á öll heimili og fyrirtæki í Mosfellsbæ, Kjalarnesi og Kjós.



Halldór Lárusson að lokinni verðlaunaafhendingu á uppskeruhátíð Aftureldingar

## Íþróttamaður Aftureldingar

Frjálsíþróttamaðurinn Halldór Lárusson var annað árið í röð kjörinn íþróttamaður Aftureldingar á uppskeruhátíð félagsins sem haldin var laugardaginn 26. nóvember. Halldór hefur á árinu hlotið 13 Íslandsmeistararitla og nánast undantekningarlaust verið í verðlaunasæti á þeim mótum sem hann hefur tekið þátt í. Kappinn á ekki langt að sækja íþróttahæfileika sína en faðir hans handboltakappinn Lárus Halldórsson varð fyrstur til að hljóta útnefninguna íþróttamaður Aftureldingar þegar hún var veitt árið 1975 og afi hans Halldór Lárusson var mikill afreksmaður í íþróttum. Allir hafa þeir keppt fyrir hönd Aftureldingar og verið félagi sínu til mikils sóma. Þjálfari Halldórs hefur í gegnum tíðina verið Hlynur Guðmundsson. Nánari umfjöllun um uppskeruhátíðina á bls. 16

Ljósmynd: Hilmar

## EIGN VIKUNNAR



**Fasteignasala  
Mosfellsbæjar**

**Ásgarður - 252 m<sup>2</sup> einbýli með útsýni**

Glæsilegt einbýlishús í byggingu með miklu útsýni yfir Mosfellsbæinn. V. 39,9 m.

Kjarna,  
Pverholti 2  
Mosfellsbæ

**586 8080**  
[www.fastmos.is](http://www.fastmos.is)

Sjá nánar  
á bls. 3



Einar Páll Kjærnested  
Löggiltur fasteignasali



## RÉTTINGAVERKSTÆÐI

**JÓNS B. ehf.**  
Flugumýri 2 Mosfellsbæ.

Símar: 566-7660 og 697-7685.

Fax: 566-8685.

Netfang: [jonrett@internet.is](mailto:jonrett@internet.is)



**Þjónustuverkstæði.**

Þjónustustæði í fyrirtæki. Útvegunn búsala.



Car-o-tronic tilvæðing





# Kapphlaup jólanna

Enn ein hraðahindrunin hér í bæ leit dagsins ljós fyrir skömmu. Það vildi ekki betur til en henni var plantað í götuna mína og þá varð ég hlessa. Nú þegar ég er búinn að aka yfir þessa blessuðu hindrun nokkrum sinnum á dag er ég farin að kunna bara ágætlega við hana. Mér varð hugsað til þess að kannski er bara ágætt að hægja aðeins á endrum og sinnum. Nú er desember og allt á yfir snúningi. Er ekki kominn tími til að hægja aðeins á þjóðfélaginu svona í jólastressinu. Jólin eru farin að snúast meira og meira um auglýs-



ingar og annað áreiti úr öllum áttum. Það er því okkar neytendanna að láta ekki fara með okkur eins og einhverjar strengjabrúður fyrir þessa hátíð ljóss og friðar. Slökum aðeins á stressinu og eigum huggulegar stundir með okkar nánustu. Á sunnudaginn fór ég ásamt fjölmörgum á adventukvöldi í Lágafellskirkju. Það er td. eitt sem fær mann virkilega til að hugsa um boðskap jólanna.



En svona er Ísland í dag.

Að undanfögnu hefur mannlífið verið fjölskrúðugt hér í bæ. Kveikt var á jólatréi bæjarins, saga Mosfellbæjar kom út og íþróttamennirnir okkar voru heiðraðir. Margt hefur verið um manninn og mörg tilefni til myndefnis og umfjöllunar enda er blaðið að þessu sinni eins og áður stútfullt af efni. Ég vil nota tækifærið og óska útgefendum og verðlaunahöfum til hamingju með sín afrek sem tunduð eru á síðum Mosfellings. Að lokum vil ég svo hvetja ykkur til að njóta undirbúnings jólanna. Verslun í heima- bygð og stuðlum að aukinni þjónustu í okkar þágu.

P.S. Þessa hraðahindrun í Stóratignum mætti nú samt alveg fjarlægja svona upp úr áramótum. ;)

Hilmar Gunnarsson

## Af gefnu tilefni

*Svo virðist sem allmargir hafi áætlað að með ráðningu Hilmars Gunnarssonar í ritstjórnastól Mosfellings hafi ég undirritaður látið fyrir fullt og allt af störfum fyrir blaðið og muni því ekki hafa af því frekari afskipti. Svo er ekki. Af gefnu tilefni vil ég nú leiðrétta þennan misskilning.*

Virðingarfyllt Karl Tómasson

LEIÐARI



## Í ÞÁ GÖMLU GÓÐU...

...þegar Ö-liðið tók þátt í Pollamóti Þórs á Akureyri árið 1992. Old boys-lið Aftureldingar, skipað leikmönnum 30 ára og eldri, tók þátt í mótinu að þessu sinni. „Við vorum að spá í að kalla okkur A-, B- eða C-lið en fannst það frekar lummó. Þá kom upp sú frábæra hugmynd að kalla okkur Ö-lið. Það var samþykkt einróma enda ölið gott“ sagði Lárus H. Jónsson þegar hann rifjaði upp gamla tíma úr boltanum og í mörg ár tók liðið þátt í þessu móti í röndóttum býflugnabúningum.

Efri röð frá vinstri: Þorsteinn Þorsteinsson, Ríkharð Jónsson, Róbert „bæjarstjóri“ Agnarsson, Lárus H. Jónsson og Haraldur Guðjónsson. Fremri röð: Stefán Hreiðarsson, Elías Þorsteinsson, Ingi Már Gunnarsson, Ellert B. Guðjónsson, Jón Arnar Sigurjónsson og Kristján Ásgrímsson.

## MOSFELLINGUR

mosfellingur@mosfellingur.is

**Útgefandi:** Mosfellingur ehf.  
Álafossvegi 18, s. 694-6426 og 897-7664.

**Ritstjóri og ábyrgðarmaður:**

Hilmar Gunnarsson

**Ritstjórn:** Hilmar Gunnarsson, Karl Tómasson og Ágúst Bernhardsson.

**Blaðamenn og pistlahöfundar:**

Ásgeir Jónsson, Friðrik G. Olgeirsson  
Hanna Símonardóttir, Kara Hergils Valdimarsdóttir, Margrét Lára Höskuldsdóttir, Þrándur Gíslason og Örn Franzson

**Auglýsingastjóri:**

Margrét Lára Höskuldsdóttir  
auglysingar@mosfellingur.is

**Umbrot og hönnun:**

Mosfellingur ehf.

**Prófkör:** Hjördís Kvaran Einarsdóttir

**Prentun:** Prentmet, prentað í 3000

eintökum og dreift frítt inn á öll heimili og fyrirtæki í Mosfellsbæ, Kjalarnes og Kjós

**NÆSTA BLAÐ KEMUR ÚT 22. DES**

Efni og auglýsingar þurfa að berast fyrir 18. des

## Börnin í bænum



Þau voru í sannkölluðu jólastapi systkinin Elísabet María 3 ára og Tómas Guttu 2 ára í Lágafellsskóla á dögunum. Þar voru þau ásamt öðrum börnum að pakka inn jólapökkum til styrktar Mæðrastreksnefnd, nánar verður getið um það í næsta blaði. Elísabet María og Tómas Guttu eru bæði á Leikskólanum Hlíð.

## HEILRÆÐI

### Auðar

Eygló Svava skoraði á Auði Eiríksdóttur að koma með næsta heilræði.

### Heilræði

**mitt er:** Komdu fram við aðra eins og þú vilt að aðrir komi fram við þig.

### Málsháttur minn er:

Morgunstund gefur gull í mund.

### Hjartans mál:

Munið að jólin eru heima í faðmi fjölskyldunnar en ekki í verslunarmiðstöðvunum.

Auður skorar á vinkonu sína Ragnheiði Valdimarsdóttur að koma með næsta heilræði.







Einar Páll  
Lögfréttir Fasteignasala



Hilur



Lina



## Ásgarður

**"NÝTT Á SKRÁ"** Vorum að fá fokhelt 252,1 m<sup>2</sup> einbýlishús á einni hæð með tvöföldum bískúr á einstökum útsýnisstað í Mosfellsbæ. Húsið er fokhelt í dag, ljós marmaramúningi á veggjum, alúmin bláurám á þaki, mahony gluggar og inngangshurðar og tvær hitlar bílskurhurðar. Húsið stendur hátt í byggðinni með einsakt útsýni yfir Mosfellsbæ og fjöll. Frábær hönnun, 4 svefnherbergi, 2 baðherbergi, stór stofa, borðstofa og eldhús. Húsið er tilbúið til afhendingar strax. Verð kr. 30,9 m.



## Krókabyggð

Erum með 96 m<sup>2</sup> endaradhús með 12 m<sup>2</sup> milliotti við Krókabyggð. Í íbúðinni eru 3 góð svefnherbergi, baðherbergi með kafi, eldhús og rúmgóð stofa. Þetta er tilvalin eign fyrir þá sem vilja skapa sinn eigin stíl á íbúðina. **\*\*Verð kr. 25,4 m.\*\***



## Bugðutangi

**"NÝTT Á SKRÁ"** Erum með fallegt 84,4 m<sup>2</sup> radhús á einni hæð í vinnulegu umhverfi á góðum stað í Mosfellsbæ. Í íbúðinni eru 2 góð svefnherbergi, baðherbergi m/kafi, góð stofa, stór geymsla, eldhús og sérþvottahús. Góður suðugarður og falleg aðkoma að húsinu. Lítið barnaleiksvæði rétt við húsið og stutt í leikskóla og verslanir. Verð kr. 21,9 m



## Fálkahöfði

**"NÝTT Á SKRÁ"** Vorum að fá mjög fallega 103,8 m<sup>2</sup> endabúð á ehtu hæð í 3ja hæða fjölbýli í Fálkahöfði, með mjög fallegu útsýni, ásamt 29,2 m<sup>2</sup> bílskúr. Stór og björt búð með eikarparketi og flisum á gólum. Flísalaft baðherbergi með baðkari og sturtuklefa. Skóli og leikskóli í augnsýn og glæsileg sundlaug í byggingu. Verð kr. 26,6 m.



## Akurholt

**"NÝTT Á SKRÁ"** Vorum að fá 233,4 m<sup>2</sup> einbýlishús á einni hæð, þar af 63,7 m<sup>2</sup> bílskúr við Akurholt í Mosfellsbæ. Undir íbúðinni er útráfinn kjallari, þar er möguleiki á ca. 80 m<sup>2</sup> aukabúð. Húsið skiptist í 4 svefnherbergi, stóra stofu m/kafi, eldhús með fallegri innréttingu og baðherbergi m/hombakari og sturtu. Aðvöru bílskúr með gryfju og miklu geymsluplássi. Útráfinn kjallari undir húsinu gefur mikil tækifæri. Verð kr. 41,8 m.



## Prastarhöfði

Erum með 129,2 m<sup>2</sup>, 5 herbergja íbúð á jarðhæð í nýju fjölbýlishúsi sem nú er í byggingu ásamt bílstaði í blakjallara. Íbúðin verður afhent fullbúin, án gólfelna, en baðherbergis og þvottahúsgólf verða flísalaft. Eikar skápar og hurðir í íbúðinni. Íbúðin er til afhendingar í febrúar 2006. Verð kr. 27,5 m.



## Ásland

Erum með í einkasölu mjög glæsilegt parhús, innst í botnlanga með glæsilegu útsýni. Húsið er á tveimur hæðum, á jarðhæð er bílskúr, forstofa og 2ja herbergja íbúð, en á efri hæðinni er stór stofa, eldhús, baðherbergi og 2-3 svefnherbergi. Stórt hellulagt bílplán og timburvernd aðlöguð að ráttúngriði. Húsið stendur hátt í löðinni og því einstakt útsýni frá því. Verð kr. 49,7 m.



## Viðiteigur

Erum með mjög fallegt 90,2 m<sup>2</sup> endaradhús á einni hæð með risi og sólskál. Húsið stendur innst í botnlanga, falleg aðkoma er að húsinu og góður sérgarður er að sunnanverðu. Gott svefnherbergi, baðherbergi m/kafi, stofa og fallegt eldhús. Opð inn í sólskál með karninu og ófrágengið risið gefur ýmis tækifæri. Falleg eign rétt við miðbæ Mosfellsbæjar. Verð kr. 22,9 m.



## Krókabyggð

Erum með gott endaradhús með 2 svefnherbergjum, stórn stofa, eldhúsi m/borðkók, baðherbergi m/kafi og risiotti á góðum stað í Mosfellsbæ. Stór og afgirtur suðugarður og hellulagt bílplán fyrir framan húsið. Stórt risiott gefur möguleika á enn betri nýtingu. Verð kr. 26,9 m



## Merkiateigur

85,1 m<sup>2</sup> neðri sérhæð í tvíbýlishúsi við Merkiateig í Mosfellsbæ. Stór stofa og eldhús, tvö svefnherbergi, baðherbergi, sérþvottahús og forstofa. Bílstaði fyrir framan íbúðina og gott aðgengi. Íbúðin gefur verð laus til afhendingar strax. Verð kr. 17,8 m.



## Árbakki

Erum með 134,8 m<sup>2</sup> einbýlishús á mjög fallegri og gróinni 1.889 m<sup>2</sup> eignarlöð við Bjargveg í Mosfellsbæ. Varmáin löðast meðfram löðinni og sérlega fallegar gönguleiðir eru allt í kring. Mögulegt er að byggja við húsið bílskúr. Tilvalin eign fyrir náttúru- og dýraunnendur. Keyrt er inn Reykjavog og til vinstri inn Bjargveg. **\*\*Verð kr. 32,9 m.\*\***



## Tröllateigur nýbygging

**"NÝTT Á SKRÁ"** Vorum að fá í sölu fjórar 141-150 m<sup>2</sup> íbúðir í nýju fjölbýlishúsi í byggingu við Tröllateig 43 í Mosfellsbæ. Húsið er eitt síðustu húsa í nýju hverfi sem er að risa við miðbæ Mosfellsbæjar. Stutt er í alla þjónustu, skóla og íþróttasvæði. Íbúðirnar eru 3ja - 5 herbergja og afhendast fullbúna með innréttingum, en án gólfelna, en þó verður baðherbergi og þvottahús flísalaft. Íbúðirnar verða afhentar í maí og júní 2006. Verð frá kr. 27,9 m.



## Bryndís á Alþingi

Bryndís Haraldsdóttir fékk sitt fyrsta tækifæri til þess að láta að sér kveða á Alþingi í síðasta mánuði. Bryndís er þriðji varamaður Sjálfstæðisflokksins í Suðvesturkjördæmi. Þorgerður Katrín menntamálaráðherra er erlendis og leysti Bryndís hana því af. Alþingissetan var því einungis tímabundin frá 18. nóv til 5. des. Bryndís byrjaði að sjálfsögðu strax að vinna í málum bæjarins og kom með fyrirspurn til heilbrigðisráðherra um hvort einhver áform séu um byggingu hjúkrunarheimilis í Mosfellsbæ. Fyrir eru á þingi Mosfellingarnir Sigríður Anna Þórðardóttir og Valdimar Leó Friðriksson.

## Reiðhöll rís

Hestamannafélagið Hörður hefur lengi barist fyrir því að fá reiðhöll í Mosfellsbæ. Nú er komin tilkynning frá bæjarstjórn um að svæði fyrir höllina sé komið á deiliskipulag og strax á næsta ári verði settar 10 millj. króna í fyrirhugaða byggingu. Þessi upphæð kemur frá Mosfellsbæ og er hluti af samningi sem bærinn hefur gert við hestamannafélagið og á komandi árum mun bærinn setja 70 millj. kr. til viðbótar í reiðhöllina. Þetta kemur til með að hjálpa Herði mikið við uppbygginguna. Nú stýttist því í toppaðstöðu fyrir okkar sigursælu hestamenn.




## Hönnun húsa fyrir Krikahverfið hafin

Þó svo að ekki sé komið í ljós hverjir fá lóð í Krikahverfinu er hönnun einbýlishúsa fyrir hverfið hafin. Nemendur í Varmárskóla eru byrjaðir að hanna hús en það er verkefni í stærðfræði hjá nemendum í áttunda bekk. Þau fóru og hittu bæjarverkfræðing að máli sem lét þau hafa teikningar og ýmsar upplýsingar. Nokkur hús eru komin á teikniborðið og verður gaman að sjá hvernig til tekst. Það er svo spurning hvort nemendur skólans komi til með að selja hönnun sína til þeirra heppnu sem fá lóð.

Tímamótasamningur Mosfellsbæjar og Nýsis hf. um byggingu og rekstur íþróttamiðstöðvar:

# Sparnaður metinn á 475 milljónir króna



Teikningar af sundlaugargarðinum

Yfirlitsmynd yfir íþróttamiðstöðina við Lækjarhlíð

Nýlega undirrituðu Mosfellsbær og Nýsir hf. samstarfssamning um eignarhald og rekstur á íþróttamiðstöðinni við Lækjarhlíð. Hér er um algjörlega nýja hugmyndafræði um rekstur og eignarhald á opinberum mannvirkjum á Íslandi að ræða. Samkomulagið byggir á svokölluðu PPP-samningsformi (Private-Public-Partnership). Eins og nafnið gefur til kynna er um að ræða samstarfsverkefni á milli sveitarfélagsins og einkafyrirtækis. Hvor aðili um sig mun eiga til helminga Fasteignafélagið Lækjarhlíð ehf. sem verður samstarfsfélag Mosfellsbæjar og Nýsis hf. um byggingu, fjár-mögn-un og rekstur íþróttamiðstöðvarinnar við Lækjarhlíð. Þetta fasteignafélag gerir síðan langtímaleigusamning við Nýsi FM (Fasteignastjórnun ehf.) um leigu á öllu mannvirkinu til 30 ára. Nýsir FM mun síðan, með sérstökum samningi við Mosfellsbæ, taka að sér til 30 ára að veita íbúum sveitarfélagsins tiltekna þjónustu skv. skilgreiningum í útboðslýsingu. Þess utan mun félagið, eftir því sem við verður komið, leigja einstaklingum og hópum aðstöðu í mannvirkjunum.

## Mikill ávinningur – beggja hagar

Ávinningur Mosfellsbæjar er mjög mikill af þessum samningi, má í því sambandi m.a. nefna:

- sparnaður bæjarins nemur um 475 mkr. á samningstímanum, sjá töflu hér að neðan.
- 11% stærra hús en áætlanir bæjarins gerðu ráð fyrir.
- mun hraðari uppbygging en áætlanir gerðu ráð fyrir.
- mun meiri og fjölbreyttari þjónusta við bæjarbúa vegna stærra húss.
- rekstrarháætla flutt frá Mosfellsbæ til Nýsis.
- bæjarfélagið er ekki þátttakandi í samkeppnisrekstri.
- tekjur af rekstri umfram áætlanir á hverju ári koma til lækkunar á leigu.



Frá undirritun samninga: Tryggvi Jónsson bæjarverkfræðingur, Helgi S. Gunnarsson framkvæmdastjóri Nýsis, Haraldur Sverrisson formaður bæjarráðs, Ragnheiður Ríkharðsdóttir bæjarstjóri og Stefán Þórarinnson stjórnarformaður Nýsis.

| Samanburður á heildarkostnaði í 30 ár      | Ár 1-30            |
|--------------------------------------------|--------------------|
| Tilboð Nýsis nú, sept. 05 heildarkostnaður | 2.860.235.101 kr.  |
| Eiginframkvæmd Mosfellsbæjar sama hús      | 3.335.237.697 kr.  |
| Mismunur                                   | -475.002.596 kr.   |
| %                                          | 86%                |
| Meðal sparnaður á ári                      | 14% 15.833.420 kr. |
| Heildar sparnaður á samningstíma           | 475.002.596 kr.    |

- rými verður fyrir persónulega þjónustu, s.s. nudd, hárgreiðslu, snyrtistofu, veitingar, líkamsrækt, heilsuskóla o.fl..
- Mosfellsbær hefur forræðið yfir verkefninu á öllum stigum.
- Mosfellsbær hefur rétt til þess að kaupa mannvirkið að samningstíma loknum.

Þetta samstarfsform hentar einkar vel til uppbyggingar og rekstrar opinberra mannvirkja sem sveitarfélög þurfa að nýta hluta úr degi til að uppfylla lögbundna þjónustu sem og þjónustukröfur íbúanna. Þessi sömu mannvirki standa síðan oft vannýtt utan skólatíma einmitt á þeim tíma sem einkaaðilar geta nýtt þau fyrir ýmis konar starfsemi. Með þessu móti geta því opinberir aðilar og einkaaðilar unnið saman að því að skapa hagstæð skilyrði með ávinningi beggja aðila.

## Aftur verður maður hissa

Eins og kunnugt er greiddu fulltrúar B- og G-lista í bæjarstjórn atkvæði gegn samstarfssamningnum við Nýsi. Ástæðurnar sem minnihlutinn gaf var að ávinningurinn væri ekki nógu mikill til að binda hendur sveitarfélagsins til svo langs tíma. Undirritaður hafði orð á því í leiðara Varmár um daginn að maður yrði hissa á því fíkrí afstöðu þegar ávinningurinn



Haraldur Sverrisson

Skrifar um samstarfssamning við Nýsi hf.

er svo augljós eins og hér að undan hefur verið lýst. Eithvað hefur þessi umfjöllun farið fyrir brjóstið á bæjarfulltrúa G-listans því ýjað var að því í grein í síðasta Mosfellingi að það sem hefði vakað fyrir meirihlutanum væri einungis að slá ryki í augun á bæjarbúum með því að láta líta út sem skuldir bæjarfélagsins væru lægri. Það er dapurlegt þegar látið er að því liggja að þeir sem gegna trúnaðarstörfum fyrir bæjarfélagið sitt hafi það eitt að markmiði að fegra ásynnd gjörða sinna. Það er rétt hjá bæjarfulltrúanum að þessi samstarfssamningur hefur áhrif á ársreikninginn, en það vill nú svo til að þau áhrif koma fram á þann hluta ársreikningsins sem kallast rekstrarreikningur. Með samningnum verður rekstrarkostnaður bæjarins mun lægri en ef bæjarfélagið ræki íþróttamiðstöðina þrátt fyrir að þjónusta við bæjarbúa verði mun meiri.

Haraldur Sverrisson  
formaður bæjarráðs



ELÍAFUR ELÍASSON  
MAGNÚS GUÐMUNDSSON

MOSEFELLSBÆR

1100 ÁR

**AÐEINS** **Kr. 9.990.-**  
á sérstöku útgáfutilboði til Mosfellinga!





## Höggvum okkar eigið jólatré

Hvern hefur ekki dreynt um að fara út í náttúruna, höggva sitt eigið jólatré og setja það upp í stofunni heima? Þessi skemmtilegi draumur getur nú orðið að veruleika hjá jóla-trjáasölunni að Fossá í Hvalfirði. Næstu helgar er opið þar á milli 11 og 15 fyrir almenning. Það er, án nokkurs vafa, hægt að búa til úr þessu skemmtilegan dag með börnunum. Takið með ykkur nesti og keyrið upp í Kjós, finnið ykkar jólatré, höggvið það niður og fáið ykkur heitt kakó og nesti úti í guðsgrænni náttúrunni. Eftir situr ævintýrlegur dagur í faðmi fjölskyldunnar. Njótum jólaundirbúningsins!



## Mikil aðsókn í Krikahverfið

Nú er búið að flokka umsóknir vegna Krikahverfisins. Það kemur ekki strax í ljós hverjir verða svo heppnir að hreppa þar lóðir en aðsóknin var mikil. Um 2000 umsóknir bárust en aðeins eru 87 hús-eignir í boði. Það er því ljóst að margir eiga eftir að standa eftir tómhentir. Mosfellsbærinn er mjög vinsæll ef marka má þessar tölur og stækkar ört. Í þessu nýja hverfi verður líka eitthvað um nýjar verslanir og/eða þjónustu. Það er samt stundum þannig að vangaveltur skapast um hvaðan allt þetta fólk komi sem fylla mun allar þessar nýbyggingar á höfuðborgarsvæðinu.



## Aðventutónleikar

Aðventutónleikar Reykjalundarkórsins verða haldnir í Árbæjarkirkju kl. 17 sunnudaginn 11. desember. Á ennis-skrá eru íslensk og erlend jóla-lög. Stjórnandi Íris Erlingsdóttir og píanóleikari Anna Rún Atladóttir. Einsöngur: Íris Erlingsdóttir, Guðbjörg Björnsdóttir og Hrund Steingrimsdóttir. Boðið verður uppá kaffi og smákökur. Verð aðgöngumiða er kr. 1.000 en frítt fyrir börn.

Mikil hátíðarhöld fóru fram þann 3. desember vegna útkomu sögu Mosfellsbæjar. Við sama tækifæri voru ljósín á jólatréi bæjarins tendruð


# Hátíð í Mosfellsbæ



Börn í jóla-skapi



Leikskólabörn sungu af innlifun



Bæjarstjórinn fékk aðstoð við að kveikja á jólatrénu



Skólar og söfn bæjarins fengu afhend eintök af sögu Mosfellsbæjar



Flottir félagar



Það er gott nammið frá jólasveininum



Mummi á Reykjum gluggar í söguna



Bráðum koma blessuð jölin, börnin fara að hlakka til



Ungir sem aldrei fögnuðu nýju bókinni



Grýla og Leppalúði létu sjá sig í bænum



Stúlkurnar léku listavel á hljóðfæri sín



Barnakór Varmárskóla tók lagið



Hluti leikara úr Bugsy Malone vakti stormandi lukku



Kökubasar hjá sunddeildinni



# Aðventutónleikar í Mosfellskirkju

Sigrún Hjálmtýsdóttir, Diddú, og blásarasextett halda árlega aðventutónleika í Mosfellskirkju miðvikudaginn 14. desember 2005. Tónleikarnir hefjast klukkan 20:30.

Hér er um að ræða sérstakan tónlistarviðburð í menningarlífi Mosfellsbæjar, en aðventutónleikar eru nú haldnir níunda árið í röð. Á tónleikunum hafa frá upphafi verið frumfluttar umskriftir á klassískum verkum fyrir blásarasextett og sópran, en þetta er ekki algeng samsetning hljóðfæra og raddar. Verkin sem flutt verða eru eftir klassísku meistarana, en einnig hefðbundin jólalög á aðventunni.

Margir Mosfellingar, auk annarra, hafa árvisst sótt tónleika Diddúar og drengjanna í Mosfellskirkju á jólaföstu, enda tónleikarnir orðnir ómissandi hluti af undirbúningi fyrir helgihald jóla.

Hljóðfæraleikarar eru Sigurður Ingvi Snorrason og Kjartan Óskarsson, sem leika á klarinettur, Emil Friðfinnsson og Þorkell Jónsson sem leika á horn og á fagott leika Brjánn Ingason og Björn Árnason.

Miðasala er hafin í Bæjarskrifstofum í Mosfellsbæ í þjónustuveri á fyrstu hæð. Alltaf hefur verið uppselt á þessa tónleika undanfarin ár og því er aðeins hægt að fá miða í forsölu, en einnig er hægt að greiða miðana símleiðis. Hafið samband við þjónustuver Mosfellsbæjar í síma 525-6700 þar sem miðasala fer fram og allar aðrar upplýsingar um miðasöluna eru veittar.

Menningarmálanefnd  
Mosfellsbæjar



**BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR  
AUÐUNS**



**TOYOTA-þjónusta**

 **CABAS**  
**Verkstæði**  
**Tjónaskoðun**

- Gæðavottað verkstæði af Bílgreinasambandinu
- Bílaleigubíll á meðan viðgerð stendur
- Fullkomin réttingarbekkur og mælitæki
- Sérþálfaðir starfsmenn
- Fljót og góð þjónusta

**Réttum og málum allar tegundir bíla**

## GÆÐAVOTTAD VERKSTÆÐI

Nýbýlavegi 10 · Kópavogi · Sími 554 2510  
[www.bilasprautun.is](http://www.bilasprautun.is) · [bilasprautun@bilasprautun.is](mailto:bilasprautun@bilasprautun.is)



## Flottur stíll hjá unga fólkinu

Laugardaginn 26. nóvember héldu Samtök félagsmiðstöðva (SAMFÉS) sína árlegu hárr-, föðunar- og fatahönnunarkeppni, Stíll, í íþróttahúsi Digranes-skóla í Kópavogi. Þemað þetta árið var rusl og fyrir hönd Bólsins kepptu þær Birta Árdal, Hrefna Jónsdóttir og Ólafía Sif Sverrisdóttir. Búningur þeirra samanstóð af pilsí og toppi. Pilsíð var úr hænsnaneti og mjólkurfernum og toppurinn var sniðinn úr plöstuðum dagblaðaúrklippum. Þótt ekki hafi þær náð á verðlaunapall í þetta skiptið stóðu þær sig vel og voru Mosfellsbænum til mikils sóma.



## Guitar Islancio

Félagarnir frábæru í Guitar Islancio þeir Jón Rafnsson kontrabassaleikari, Gunnar Þórðarson gítarleikari og Björn Thoroddsen gítarleikarihalda tónleika á Draumakaffi fimmtudaginn 15. des. Mörgum ætti að vera í fersku minni frábærir tónleikar sem þeir héldu á Draumakaffi fyrir tæpum tveimur árum. Nýlega gáfu þeir félagar út diskinn Icelandic folk á þeim disk í spilar með þeim vestur-íslenskur trompetleikari, Richard Gillis. Að sögn Jóns Rafnssonar munu þeir spila lög af nýja diskinum ásamt m.a. lögum með Stevie Wonder, Bítlunum og með smá viðkomu í amerísku jazzbókinni.

## Veistu svarið?

- 1 Hvað eru margir leikskólar í Mosfellsbæ?
- 2 Hvað er Varmárlaug löng?
- 3 Hvað heita höfundar nýút-kominnar bókar um sögu Mosfellsbæjar?

Svör: 1. fjórir, 2. 25 metrar, 3. Bjarnason og Magnús Guðmundsson.

# Sögukornið

## Svínarækt á 20. öld

Á nýliðinni öld voru mörg svínabú í Mosfellsbæ. Þau heyra nú öll sögunni til og landbúnaður er minni en áður var. Skoðum örlítið nánar þau bú sem ræktuðu svín, í öllum tilfellum með öðrum rekstri.

Reykjabúið var elst svínabúanna, stofnað árið 1921 sem sameignarfélag þeirra Guðmundar Jónssonar og Bjarna Ásgeirssonar, síðar landbúnaðarráðherra. Bústofninn var 30 kýr, 180 kindur og að fáum árum liðnum bættust við fimm gyltur. Fenginn var danskur maður til að sjá um svínin og var hann á búinu í nokkur ár. Á stríðsárunum var svínunum fjölgað og þá var reist nýtt hús fyrir þau. Því var breytt í íbúðarhús löngu seinna og er það nú kallað Reykjabraut. Árið 1944 var Reykjavörðinni skipt, Jón M. Guðmundsson var ráðinn bústjóri á öðrum helmingnum en Ásgeir Bjarnason tók við hinum hlutanum. Jón var með hefðbundinn búskap og svín. Árið 1959 keypti hann jörðina og fór út í alifuglarækt. Hann var þó áfram með nokkur svín og hætti þeim búskap ekki endanlega fyrr en nálægt aldarlokum.

Annað svínabú sem starfaði um tíma var á Höfða sem var lítið býli milli Geitháls og Langavatns. Þar var Arinbjörn Árnason með svín í nokkur ár um og eftir 1950. Hann bjó þó aldrei á Höfða, leigði þar aðeins aðstöðu fyrir búskap sinn sem var aukageta frá starfi símanns í Reykjavík.

Um skeið var Gunnar Sveins-



Fellsmúli og Hamar árið 1982. Nú hefur Reykjavíkurborg eignast allt þetta land og í framtíðinni verður það tekið undir íbúðabyggð.

son með svínabú á Fitjakoti áður en hann fluttist að Lágafelli. Hann var oftast með fimm til tíu gyltur. Á Úlfarsfelli var nokkuð stórt svínabú á stríðsárunum. Þar voru tvö svín árið 1941, 14 árið eftir og yfir 30 á árunum 1943-1944. Á Álafossi var einnig stunduð svínarækt á stríðsárunum en á sjötta áratugnum féll hún niður. Það sama gerðist á Blikastöðum og Gufunesi. Magnús Þorláksson á Blikastöðum var með nokkrar gyltur og fyrst eftir að Sigsteinn Pálsson tók við búinu var hann með svín en hætti því fljótlega.

Árið 1954 keypti Alifuglabú bakarameistara í Reykjavík jörðina Fellsmúla í Mosfellssveit af Gísla Gilssyni og byggði þar ný hús fyrir svín og fugla á árunum 1955-1966. Einnig var hluti timburhúsanna í Sogamýrinni fluttur upp eftir. Alifuglabúið var oftast með 9-12 gyltur og einn gölt. Það hætti rekstri árið 1983.

Á Friðarlundi, steinsnar frá Fellsmúla, bjó fram yfir 1960 Baldvin Kristinsson með Unni konu sinni. Þau voru með nokkur svín. Árið 1970 keypti Kristinn Sveinsson húsasmíðameistara jörðina og breytti nafninu í Hamar. Hann hafði áður verið með svínabú á Straumi í Hafnarfirði. Kristinn var í fyrstu með þrjár gyltur en stækkaði svínabúið með árunum og um miðjan áttunda áratuginn byggði hann svínasláturhús á Hamri þar sem hægt var að slátra allt að 30 dýrum á dag en yfirleitt var ekki unnið þar nema einn dag í viku. Árið 1984 keypti hann Fellsmúla af Alifuglabúi bakarameistara og til ársins 2002 rak hann eitt stærsta og best rekna svínabú landsins, Grísaból.

Á árunum 1970-1984 var Sigvaldi Haraldsson með lítið bú í Brúarholti og á Skálátúnshéimilinu voru svín á áttunda áratugnum.

**Friðrik G. Olgeirsson**  
sagnfræðingur

## Sjálfstæðismenn í nýtt félagsheimili

Sjálfstæðismenn í Mosfellsbæ hafa tekið í notkun nýtt húsnæði fyrir starfsemi sína. Félagið hefur haft aðsetur í Urðarholti síðastliðin ár en hefur nú flutt í Háholt 24. Að sögn Hreiðars Arnar formanns Sjálfstæðisfélagsins er ætlunin að vera í þessu húsi fram yfir alþingiskosningar sem fram fara vorið 2007. Fjöldi fólks lagði leið sína á vígsluhátíðina sem fram fór á fullveldisdaginn 1. des.



Hafsteinn Pálsson og Sigríður Anna Þórðardóttir



Ragnheiður Rikharðsdóttir og Klara Sigurðardóttir létu sig ekki vanta á opnunaráhátíðina.



Gunnar Ingi Hjartarson og Már Karlsson



Séð yfir nýja salinn.



Haraldur Sverrisson og Hreiðar Örn Zoëga



Guðmundur Pétursson gæðir sér á veigum í boði Vínó. Þróstur Lýðsson Vínó-innflytjandi fylgist spennntur með.





Viltu koma í bankann og hitta mig?

**GEORG**  
OG FÉLAGAR



HALLÓ!

Ég skemmti á torginu í Kjarna miðvikudaginn 14. desember kl. 10 og ég vona að þú getir komið. Hlakka til að sjá þig!  
Þinn vinur Georg.

Ps. Verið dugleg að safna í sparibaukinn ykkar!





## Bærinn skreyttur

Nú er bærinn okkar kominn í jólabúninginn og er með sanni hægt að segja að vel hafi tekis til við skreytingarnar þetta árið eins og oftast nær. Sigurjón Eiríksson rafvirkir er einn þeirra sem sér um að koma upp jóla-ljósunum. Óhætt er að segja að það sé orðinn partur af jólastemningunni að rekast á kappann kappklæddan í fimbulkulda við að koma jóla ljósunum á sinn stað öllum börnum og eflaust fullorðnum íbúum til ómældrar ánægju.

## Nýr formaður Vinstri grænna

Aðalfundur VG-Mos var haldinn þriðjudaginn 29.



nóvember síðastliðinn. Ólafur Gunnarsson lét af formennsku en hann hefur verið formaður allt frá stofnun félagsins árið 2001. Ný stjórn var kjörin á fundinum og í henni sitja: Bjarki Bjarnason formaður, Jóhanna B. Magnúsdóttir og Katrín Sif Oddgeirsdóttir. Vinstri-grænir í Mosfellsbæ munu bjóða fram undir eigin merkjum í næstu sveitastjórnarkosningum.

# Aðventukvöld í Lágafellskirkju

Sunnudaginn 4. desember var haldið aðventukvöld í Lágafellskirkju. Dagskrá var mikil og glæsileg þar sem hvert tónlistaratriðið tók við af öðru. Hanna Björk Guðjónsdóttir og Óskar Pétursson sungu einsöng. Þá fluttu einnig Kirkjukór Lágafellssóknar og skólakór Mosfellsbæjar nokkur lög. Strengja- og blástursrúf sá um undirspil ásamt organista kirkjunnar. Margt var um manninn og fór svo að margir þurftu frá að hverfa vegna þrengsla. Að stundinni lokinni bauð sóknarnefnd kirkjугestum í kaffi og veitingar í safnaðarheimilinu. Aðventukvöldin hafa um árabil verið fastur liður í starfi Lágafellskirkju. Með auknum fólksfjölda í bænum hefur kirkjan aukið þjónustu sína og má í því sambandi benda á kyrrðarsundir, fyrirbænaþjónustu og barnaguðsþjónustu á aðfangadag. Bar-



Ræðumaður kvöldsins var Jón Kristjánsson heilbrigðisráðherra. Frá hægri: séra Ragnheiður, Margrét Hulda, Jón heilbrigðisráðherra, séra Jón og Sigríður Anna umhverfisráðherra

naguðsþjónustan var haldin í fyrsta sinn í fyrra og tókst með ágætum. Hún verður nú aftur í Lágafellskirkju kl. 13 á aðfangadag. Mosfellingur bendir lesendum á nýja heimasíðu kirkjunnar: lágafellskirkja.is.



Pétur Óskarsson og Hanna Björk tóku lagið saman

Fríður hópur samankominn í kirkjunni

## Vel lukkuð jólavaka

Þann 27. nóvember síðastliðinn, sem var fyrsti sunnudagur í aðventu var haldin jólavaka í Lágafellsskóla. Þar komu fram Karlakórinn Stefir undir stjórn Atla Guðlaugssonar og Skólakór Varmárskóla sem Guðmundur Ómar Óskarsson stjórnar.

Skólakórinn söng fyrst ýmis jóla-lög. Höskuldur Þráinsson las síðan upp jólasögu við mikinn fögnuð gesta. Karlakórinn söng einnig ýmis jóla-lög þar sem Bjarni Atlason söng einsöng og hreif áheyrendur með sér. Einnig sungu feðgarnir, Atli Guðlaugsson, Bjarni Atlason og Guðlaugur Atlason saman eitt lag sem heppnaðist einstaklega vel. Fimm félagar úr Stórsveit Stefis léku undir nokkrum lögum og Arnhildur Valgarðsdóttir lék undir á píano hjá Skólakórnum og kórnum báðum í lokin.

Birgir Sveinsson afhenti Stefni

gjöf fyrir hönd Sigurðar Þórólfssonar gullsmíðs og fyrrverandi kórfélaga í minningu Lárusar Sveinssonar, fyrrum kórstjóra Stefis. Gjöfin var minningarskjöldur sem Sigurður hefur smíðað. Birgir gaf um leið mynd af Lárusi til að hafa hjá verki Sigurðar í húsnaði Stefis.

Því næst var sr. Ragnheiður Jónsdóttir með hugvekju sem yljaði viðstöddum um hjartarætur. Þar talaði hún um jólin, æskuminningar, jólaundirbúninginn og allt sem fylgir þessari stóru hátíð.

Að lokum sungu kórnir tveir saman og í síðasta lagiinu, Heims um ból, tóku allir undir. Stefnurnar (konur Stefnismanna) og Skólakórinn sáu um veitingarnar að loknum tónleikum sem voru aldeilis glæsilegar.



Stefir og Skólakór Varmárskóla sungu saman Heims um ból.



Stefismenn



Birgir afhenti minningarskjöld og mynd af Lárusi heitnum, smíðaðan af Sigurði Þórólfsyni sem er fyrir miðri mynd. Til hægri er formaður Stefis Hörður Björgvinsson.



Óskum bæjarbúum gleðilegra jóla



Smyrti, nudd og fóttaðgerðastofn  
**Líkami og sál**  
sími 566 6307 - Þverholti 11

**JAKO**



**Blóm gleðja**

*Hlín Blómahús*

Háholt 18  
566 8700





HR konfekt er handgert, lagað úr  
besta fíamlega hráefni og án allra aukaefna.  
Í óskjunum eru fjórar til sex bragðtegundir  
sérlegaðar af natni og alúð, kryddaðar með  
eðalkryddum samkvæmt klassískum hefðum  
og víðeigandi kenjum súkkulaðimeistarans,  
Chocolatier.

*Hafliði Ragnarsson*  
Hafliði Ragnarsson Chocolatier



HR konfekt og deservtar frá Hafliða Ragnarssyni  
fást í verslunum okkar.

Mosfellsbakarí Urðarholti 2, Mosfellsbæ og  
Háaleitisbraut 58-60, Reykjavík.



Mosfellsbakarí s: 5666145 e-mail [konfekt@konfekt.is](mailto:konfekt@konfekt.is) [www.konfekt.is](http://www.konfekt.is)



## Gæska í Háholtinu

Þann 7. desember opnuðu þær Gunnvör Björnsdóttir, svæðanuddari og Hafdís Óskarsdóttir, höfuðbeina- og spjaldhryggssjafnari, heilsustofuna Gæsku, á 2.hæð í Háholti 14. Boðið er uppá svæðanudd, heilun og höfuðbeina- og spjaldhryggssjöfnun. Gunnvör lærði svæðanudd hjá Heilsusetri Þórgunnu Þórarinsdóttur og Hafdís lærði hbs-jöfnun hjá Thomasi Attlee skólastjóra The College of Cranial-Sacral Therapy. Tímapantanir hjá Gunnvöru eru í s: 566-8066 og 820-0878 og hjá Hafdís í s:661-6722. Þær bjóða uppá gjafakort í jólapakkann fyrir unnendur heilsu og betra lífs. Opnunartíð boð verða í desember og janúar.



Viðtal við Bjarka Bjarnason og Magnús Guðmundsson, höfunda bókarinnar Mosfellsbær

# Saga við hvert fót mál

Mosfellingur spjallaði nú á dögunum við þá Bjarka Bjarnason og Magnús Guðmundsson í tilefni útgáfu sögu Mosfellsbæjar. Bjarni og Magnús hafa staðið í ströngu síðustu árin við ritun bókarinnar og höfðu frá ýmsu að segja þegar til þeirra var leitað.

## Höfundarnir

Hverjir eru Bjarki Bjarnason og Magnús Guðmundsson?

- Þeir eru tveir Mosfellingar sem lengi hafa haft áhuga á sögu sveitarfélagsins. Þeir hafa báðir fengist við ritstörf. Bjarki hefur til dæmis skrifað bók um Njáluslóðir og sögu Sinfóníuhljómsveitar Íslands, auk þess að hafa gefið út barnabækur og ljóðabók, en Magnús hefur meðal annars ritað um sögu ullariðnaðar á Íslandi, sögu bókasafns mála á Mosfellsveit og Karlakórsins Stefis.

## Ritunin

Hvernig kviknaði hugmyndin að ritun bókarinnar?

-Margir núlifandi Mosfellingar hafa lifað ótrúlega breytingatíma. Þeir hafa séð heimabyggð sína breytast úr sveit í 7.000 manna bæ. Meðal annars af þessum ástæðum skapaðist áhugi á að skrásetja sögu sveitarfélagsins sem hefur ekki verið gert fyrir. Árið 2002 leituðu bæjaryfirvöld til okkar og fólu okkur verkefnið.

Hvernig skiptuð þið með ykkur verkum?

-Magnús sökkta sér niður í heimildir frá fyrri öldum en Bjarki tók að kanna gögn og rit frá 19. og 20. öld. Héraðsskjalasafn Mosfellsbæjar var stofnað fyrir nokkrum árum og þar er að finna ýmis skjöl og gjörðabækur sem tengjast sveitarfélaginu og við gátum nýtt okkur. Á síðari stigum runnu skrif okkar saman í eitt verk, sem sagt ein bók en tveir höfundar.

## Fráfærur og ómagar

Hvernig er saga Mosfellsveitar í óruttu máli?

- Hér ríkti fyrst og fremst staðnað landbúnaðarsamfélag í margar aldir sem tók ekki að breytast verulega fyrir en á 20. öld. Einnig er hér margt að



finna sem hefur mikið sögulegt gildi á landsvísi. Viðeyjarklaustur var í Mosfellshreppi, hér stóð vaggja ullariðnaðar og ylræktar og hér bjó Halldór Laxness, svo dæmi séu tekin. Hér er líka Reykjalundur sem er einstakur staður á Íslandi og þótt víðar væri leitað. Öllu þessu eru gerð góð skil í bókinni.

Kom eitthvað á óvart við ritun bókarinnar?

- Kannski má segja að það hafi komið á óvart hvað svokallað nútíma-

**„Kannski má segja að það hafi komið á óvart hvað svokallað nútíma-samfélag hóf seint innreið sína í Mosfellsveit.“**

samfélag hóf seint innreið sína í Mosfellsveit. Til dæmis tíðkuðust hér fráfærur og uppboð á ómögum alveg fram um 1920. Síðan tóku við miklir breytingatímar. Borgin stækkaði og það myndaðist markaður fyrir mosfellskar afurðir sem komu ýmist úr fjósum eða gróðurhúsum og samfélagið gjörbreyttist. Samtímis tóku Reykvíkingar að ásælast landsvæði í Mosfellsveit og landmerkin í vestri breyttust.

## 500 blaðsíður og 700 ljósmyndir

Hvernig mynduð þið lýsa bókinni Mosfellsbær - saga byggðar í 1100 ár?

-Þetta er 500 blaðsíðna verk í stóru broti og skiptist í fimm hluta. Þar er fjallað um sögu Mosfellsveitar allt frá landnámi til okkar daga í tímaröð en inn í megináttíðina er skotið alls konar innskotsefni. Öll er bókinn prýdd miklu myndefni því samtals eru um

## Er Afturelding í jólabókaflóðinu?

Mosfellingar hafa væntanlega tekið eftir því að bók um sögu Mosfellsbæjar er nú komin út. Bókin er í alla staði vegleg og vel að henni staðið. Mosfellingur tók einnig eftir því að í jólabókaflóðinu í ár er einnig bókinn Afturelding. Það er þó ekki saga Ungmennafélagsins Aftureldingar heldur er þetta reyfari frá rithöfundinum vinsæla, Viktori Arnari Ingólfssyni. Menn þyrftu kannski að fara að huga að því að gefa út sögu Aftureldingar enda stýttist í 90 ára afmæli félagsins.



## Gluggað í bók á Gljúfrasteini

Á síðastliðnum sunnudögum í aðventunni hafa rithöfundar lesið úr nýútkomnum verkum sínum á Gljúfrasteini. Framundan er á sunnudaginn 11. des. kl. 15.30, upplestur hjá Sjóni, Guðrúnu Evu Mínevrudóttur, Þorsteini frá Hamri og Rúnari Helga Vignissyni. Einnig er vert að minnast þess að þann 18. des. verður dagsskráin helguð barnabókmenntum og börn því sérstaklega velkomin þann daginn. Aðgangur er ókeypis



Hljómsveitin The Kinks í heimsókn hjá fjölskyldunni á Reykjavíki í Mosfellsveit árið 1965. Aftast má sjá þóð Guðmundsson og lengst til hægri Freyju Norðdahl.





Höfundarnir Bjarki Bjarnason og Magnús Guðmundsson höfðu í nógu að snúast við að árita bókina í Kjarnanum

er – saga byggðar í 1100 ár



Ómar Skapti Gíslason afhenti Guðmundi Péturssyni, formanni Menningarmála-nefndar, fyrsta eintakið

700 ljósmyndir í bókinni, bæði nýjar og gamlar. Margir lánuðu myndir til birtingar og síðan var Jón Sigurjónsson fenginn til að taka ljósmyndir gagnert fyrir verkið. Þá er hér einnig að finna allmörg skýringakort sem sýna meðal annars gamlar þjóðleiðir og herbúðir á hernámsárunum. Fyrirhugað er að gefa út kennsluleiðbeiningar með bókinni þannig að hún henti enn frekar til fræðslu í skólum bæjarins.

Hver gefur bókina út?

– Það er bókaútgáfan Þjazi í Reykjavík sem gefur bókina út en Mosfellsbær kostaði ritun hennar og styrkti útgáfuna. Bókin er prentuð í prentsmiðjunni Prentmeti við Lynghals í Reykjavík en þess má geta til gamans að það landsvæði var áður í Mosfellsveit sem náði niður að Elliða-ánum allt fram á 20. öld.

## Góðar undirtektir

Hvernig hafa undirtektir verið hjá bæjarbúum?

– Alveg sérlega góðar. Við árituðum bókina í Kjarna á útgáfuhátíð hinn 3. desember og það var mjög ánægjulegt að sjá hvað margir bæjarbúar lögðu leið sína þangað og einnig komu þangað margir brottfluttir Mosfellingar.

Er þetta jólabókin í ár?

– Já, tvímælaust að minnsta kosti hjá öllum Mosfellingum, jafnt heimamönnum sem brottfluttum.

Eitthvað að lokum?

– Þetta er sagan okkar allra.

hilmarmosfellingur.is

# - Smásagan -

Í næsta tölublaði Mosfellingar þ.e. jólablaðinu munu úrslit verða ljós í smásögukeppninni og afhent verða verðlaun.

## Þar kom að því

Ég heiti Þórmundur Garðar Hólm og alla mína starfsævi hef ég stundað tæmningar í Mosfellsdal. Það er ekki til betri staður í öllum heiminum til að temja hross, dásamlegar reiðleiðir í guðsgrænni náttúrunni og þar átti ég mínar bestu stundir ríðandi meðfram ánni að fylgjast með fuglalífinu.

Allt var gott og öruggt m.a.s. í þá daga þegar hjálmar voru bara fyrir börn og kellingar. Auðvitað datt maður af baki öðru hvoru af spræku trippi eða af hestakaupabykkju sem var ekki alveg eins og hún var sögð, en maður tók því nú bara eins og hverju öðru hundsbiti, það fylgdi starfinu og lagaðist venjulega eftir nokkrar magnyl.

Það háttar þannig til, að þaðan sem ég bý, verð ég að ríða meðfram þjóðveginum nokkur hundruð metra til að komast yfir að Norðurá. Það kom nú ekki að sök fyrr en ógæfan dundi yfir, Framsóknarmenn komust í meirihluta og þeir ákváðu að láta malbika reiðveginn meðfram þjóðveginum. Þetta kom alveg óforvarendis. Einn daginn þegar ég kom heim úr ferðalagi voru malbikunarframkvæmdir komnar á fullt á reiðveginum miðjum.

Mér leist ekki á blikuna og þegar ég spurði manninn á malbikunarvélinni hvernig stæði á því að það væri verið að malbika reiðveginn sagði hann með þjósti: „Það er betra að keyra niður hestamenn en börn á hjóli.“ Svo hamaðist hann við að malbika eins og óður maður og brunaði upp dalinn eins og druslan dróg.

Í hvert sinn sem ég reið eftir malbikaða reiðveginum var í mér beygur, á aðra höndina djúpur skurður, á hina höndina, í seilingarfjarlægð, bílar á 120 km hraða. Ekkert mátti klicka þann tíma sem tók að koma sér á öruggan stað.

Svo var það snemma í vor að ég var að ríða helvíti göðum fola undan Hugin frá Haga og í gleði minni gáði ég ekki nógu vel að mér þegar ég reið út á malbikaðan reiðveginn. Það hafði snjóað mikið um nóttina og farið að rigna með morgninum og á götunni voru þykkir slyddubunkar. Skyndilega sá ég bílana sem áður virtust langt í burtu koma brunandi, Ford Pickup af stærstu gerð með vélsleðakerru aftan í og á eftir honum kom annar svipaður, líka með vélsleðakerru. Fyrri bíllinn kom á gifurlegum hraða, jós yfir mig stórum slyddugusum og það drundi í vélinni og nagladekkjumum.

Hesturinn trylltist og spólaði af stað á flughálu malbikinu og það lá við að ég dytti af baki, en ég hékk ennþá á þegar næsti bíll kom æðandi. Þegar hesturinn sá hann koma með tilheyrandi gusugangi ákvað hann skyndilega að snúa við og hlaupa heim, hann snéri við á punktinum og auðvitað stóð hann ekki í lappirnar á malbikinu svo hann þeyttist á hausinn og ég flaug af honum í stórum boga í sömu mund og bíllinn kom æðandi.

Ég lenti framan á bílnum, kastaðist einhvernvegin aftur fyrir hann og flæktist svo milli bíls og kerru dágóða stund. Það leið heil eilíft þar til allt varð hljótt. Bíllinn stöpp þversum á veginum, kerran og fínu vélsleðarnir í maski úti skurði og bílstjórinn sat stjarfur undir stýri og þorði ekki út. Hesturinn var staðinn upp og haltraði heim á leið flæktur í taumnum og með hnakkinn hangandi niður á síðu. Hundurinn minn, hann Kalli, stóð yfir mér með eyrun sleikt aftur eftir hausnum og það var á honum nokkurs konar kjánalegt glott.

Ég skildi ekkert í því hvað ég var rólegur eftir þessa lífsreynslu en einhvern veginn var ekki allt eins og það átti að vera - en hvernig gat annað verið - hugsaði ég í fyrstu.

Svo sá ég Heiðu Báru, konuna mína koma hlaupandi heiman að frá með litla barnið okkar í fanginu og þá fyrst tók ég eftir því að sjónarhornið var óvenjulegt, það var eins og ég horfði ofanfrá á það sem gerðist og þegar fólkinn fjölgaði og lögreglubílar og sjúkrabílar komu, - þá fattaði ég það.

Ég var dauður, alveg steindauður - eins dauður og nokkur lifandi maður gat nokkurntíma orðið.

KULDABOLI

## Dómnefndina skipa:



Helgi Einarsson  
Tónlistarmaður  
og tónlistar-  
kennari



Guðmundur Pétursson  
Formaður  
menningar-  
málanefndar



Guðný Halldórsdóttir  
Kvikmynda-  
gerðarkona



Höskuldur Þráinsson  
Prófessor



Ragnheiður Ríkhartósdóttir  
Bæjarstjóri

## ORÐIÐ ER LAUST...

Hér gefst lesendum kostur á að láta skoðanir sínar í ljós í stuttu máli. Netfangið er [mosfellingur@simnet.is](mailto:mosfellingur@simnet.is)



## Bréf frá börnunum á Hlaðhömrum

Mosfellingi barst bréf frá börnunum á leikskólanum Hlaðhömrum. Þar hefur verið mikil umræða um byggingu þjónustuíbúða við leikskólann. Börnin hafa verið alveg miður sín yfir því að Krummaklettur verði sprengdur upp. Þeim þykir mjög vænt um þennan klett sem þau gáfu nafn og vilja því koma eftirfarandi á framfæri:

Við erum mjög leið af því að það á að taka Krummaklettinn okkar og byggja stórt hús í staðinn. Þegar kalt er úti þá förum við á Krummaklett með mat handa krumma og litlu fuglunum og þeir verða mjög glaðir. Af hverju þarf endilega að taka Krummaklettinn okkar? Er ekki bara hægt að byggja annars staðar?

Leikskólabörn á Hlaðhömrum

## Flott bæjarjólaljós

Sigrún hringdi og vildi koma á framfæri til blaðsins hversu ánægð hún væri með jólaljós á vegum bæjarins. „Bláu jólaljósín í Háholtinu eru æðisleg að ég tali nú ekki um jólatréð sjálf við Kjarnann. Þessar aspir sem prýða bæinn okkar eru líka það allra besta sem komið hefur komið fyrir bæinn í fjölda ára. T.d. aspirnar í Ullarnesbrekkunni og í Háholtinu. Þær er bara auginynda. Takk fyrir, og haldið áfram að skreyta bæinn okkar svona fallega.“

Sigrún





# Kiwanisklúbburinn Geysir 30 ára

Svo bar til á aðventunni fyrir 30 árum þann 10. desember að Kiwanisklúbburinn Geysir var stofnaður hér í Mosfellsbæ (þá Mosfellssveit) af 28 félögum sem vildu starfa í anda Kiwanis undir kjörorðinu „Hjálpum börnum heims“.

Starfið hófst af krafti og peningum safnað til að geta styrkt og hjálpað þeim sem voru í þeirri aðstöðu að þurfa að fá úrlausn á sínum málum.

Félagarnir lögðu ýmislegt á sig til að afla aura, svo sem að verka fisk og selja jólatré og jólakort. Árið 1978 hófu félagarnir útgáfu símaskrár með nöfnum, heimilisföngum og símanúmerum Mosfellinga, Kjalnesinga og Kjósverja. Þetta var heljarinnar vinna þar sem menn urðu að handtúna allar upplýsingar útúr aðalsímaskránni. Fara varð mjög leynt með vinnuna þar sem Pósur og Sími hafði einkarétt á útgáfu símaskrár á Íslandi. Sala á auglýsingum í skrána hefur gengið vel undanfarin ár og er aðalfjáröflun félagsins nú í dag ásamt félagvistinni sem er spiluð á hverjum fimmtudegi í Kiwanishúsinu okkar við Köldukvísl.

Styrktarverkefni klúbbsins hafa verið margskonar frá upphafi og má þar nefna Reykjalund, Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra í Mosfellsdal og Tjaldanesheimilið ásamt því að taka þátt í verkefnum á heimsvísu t.d. Joð

verkefnið sem hefur bjargað milljónum barna frá því örkumlun.

Þegar klúbburinn varð tvítugur vígðum við stækkun á á húsinu okkar sem var í upphafi sumarhús og fluttist starfseminn þangað. Áður höfðu félagar aðallega fundað í Hlégarði fyrir utan fáeina einnarhanda matarfundi í húsinu. Svo þröngt var í gamla húsinu að menn gátu ekki borðað með hnif og gaffli heldur bara súpuskeið. Nýja húsið hefur verið mikil lyftistöng fyrir starfið og félagsandan hjá okkur og þar höfum við átt margar góðar stundir undanfarin 10 ár en núna sjáum við framá að þurfa að flytja okkur um set þar sem búið er að skipuleggja Leirvogstungulandið undir íbúðarbyggð og lendir húsið inn á skipulaginu.

Fjölmargir hafa nýtt sér aðstöðuna í húsinu gegnum árin, haldið þar giftingar-, fermingar- og afmælisveislur ásamt hverskyns uppákomum og styrkt okkur um leið, þökk sé öllu því góða fólki. Núna í ársbyrjun opnuðum við vefinn okkar og hvet ég alla til að kíkja þar inn og skoða starfið í máli og myndum, slóðin er: [kiwanis.is/geysir](http://kiwanis.is/geysir). Í tilefni af afmæli okkar sem við ætlum að halda uppá laugardaginn 10. desember er búið að samþykkja styrki að upphæð um kr. 900.000. Við munum að sjálfsgöðu sýna ykkur lesendur góðir myndir frá því þegar



Dansin dunar á þorablóti



Geysir styrkti með bókum í Klébergsskóla

styrkirnir verða afhendir og greina frá til hverra þeir renna. Ég vil hvetja alla gamla Kiwanisfélaga til að koma og halda uppá þetta með okkur og hafa samband við Einar Gumundsson í síma 690-9036.

Að endingu vil ég þakka öllum Mosfellingum, Kjalnesingum og Kjósverjum fyrir stuðninginn í gegnum árin. Til hamingju Geysir.

Ólafur P. Guðmundsson

## JÓLAVÖRURNAR FRÁ GEORGE JENSEN



Úr, skartgripir og gjafavara  
Kjarna Mosfellsbæ  
Kjarna Mosó: 544 4991  
Laugarvegi 33: 544 4990

**MORELLATO**

## Jólavörur í miklu úrvali

## Óskum bæjarbúum gledilegra jóla



[mosfellingur@mosfellingur.is](mailto:mosfellingur@mosfellingur.is)

## Gjafakort er góð gjöf!

Mikið úrval af jólagjöfum fyrir hann og hana frá  
Lancomé, Biotherm, Helenu Rubinstein og Guinot.

**Munið að panta tímanlega fyrir jólin.**

Opnunartímar:

Mán-mið: 10-18 / Fim: 10-19 /

Fös: 10-18 / Lau: 10-14.

GK Snyrtistofa  
Kjarna, Þverholti 2  
Sími 5343424

**GK**  
Snyrtistofa



## ÞJÓNUSTA Í MOSFELLSBÆ

**Aristó hárstofa**  
Háholti 14.  
Sími: 566 - 8989.

**Hársnyrtistofan Belló**  
Háholti 14.  
Sími: 586 - 8989.

**Bylgja Matthíasdóttir Lcph**  
Hórnópatí bylgjam@bakkar.is  
www.lifslind.is S:586-8883

**Innrömmun ESS**  
Þverholti 5.  
Opíð 12 - 18 virka daga  
Sími: 566 - 7625

**Saumastofa Jónu** - Háholti 14.  
Gluggatjaldaviðgerðir  
og breytingar. Sími: 565 - 9222.

**Herbalife Mosfellsbæ**  
Shapeworks - NouriFusion  
Berglind & Kjartan. Sími: 551-2099

**Bílapartar ehf.**  
Grænumýri 3 - Sími 587-7659  
bilapartar@bilapartar.is  
www.bilapartar.is

**Bæjardekk**  
Langatanga 1a.  
Sími: 566 - 8188.



## SMÁAUGLÝSINGAR

Við erum fimm manna fjölskylda og okkur bráðvantar leiguhúsnæði hér í Mosfellsbæ. Við getum greitt góða fyrirframgreiðslu og lofum skilvísun greiðslum. Upplýsingar í sínum 821-3773 eða 822-3773.

Þvottavél Til sölu nýyfirfarin lítil (3kg) Eumenia þvottavél. Selst ódýrt. Upplýsingar í síma: 566-7090 og 848-9712.



Trésmiðjan Akur ehf. - Smiðjuvöllum 9 - 300 Akranes  
Sími 430-6600 akur@akur.is www.akur.is

# Veturinn er kominn



rafgeymar  
hjólbarðar kerti  
viftureimar

Smur- og hjólbarðapjónusta  
fyrir öll farartæki

Örugg og lipur þjónusta

Gott úrval vetrardekkja

dekk@dekk.is  
www.dekk.is



Langtangi 1a - sími 566 8188

# Ert þú að flytja til Egilsstaða?

*Hefur þú sótt um vinnu þar?*

DSD NOELL GmbH, þýskt fyrirtæki sem vinnur við Kárahnjúkavirkjun og er með starfsstöð á Egilsstöðum, óskar eftir að ná sambandi við konu úr Mosfellsbæ sem sótti um starf hjá fyrirtækinu í september sl.

Vinsamlegast hafið samband við:  
Debesh Mandal - Project Director  
E-mail: debesh.mandal@dsd-noell.com  
Tel.: +49 171 8810 169

## JÓLATRÉSALA

í Hamrahlíð við Vesturlandsveg

|                       |                 |             |
|-----------------------|-----------------|-------------|
| Laugard. og sunnud.   | 10. og 11. des. | kl. 10 - 16 |
| Laugard. og sunnud.   | 17. og 18. des. | kl. 10 - 16 |
| Miðvikudag            | 21. des.        | kl. 13 - 16 |
| Fimmtudag             | 22. des.        | kl. 13 - 16 |
| Föstud. Þorláksmessu. | 23. des.        | kl. 13 - 16 |

## FEGRUM BÆINN

Styðjum skógrækt í okkar bæ og kaupum „íslensk“ jólatré.



Hafið samband:  
Hjalte G. Lúðvíksson  
sími: 897-2180. hjalti@frjo.is  
Elisabet Kristjánsdóttir  
sími: 566-6709. betakd@ismennt.is  
Sími skógræktarfélagins  
er 867-2516







## Stuðhæurnar öflugar á leikjum

Nokkrir ungir sveinar hafa tekið saman höndum og ákveðið að rífa upp stemmninguna í kringum handboltann. Þeir stofnuðu nýtt stuðningsfélag sem heitir Hæurnar og mæta nú á leiki, berja trommur og syngja. Stofnendur félagsins eru Andrés Á. Andrésen og Árni Magnússon. Góður stuðningur getur skipt sköpum og því er um að gera að styðja við bakið á okkar frábæru handboltamönnum. Allir eru velkomnir og hægt er að skrá sig á blog. [central.is/studhaenurnar](http://central.is/studhaenurnar) og eru þar einnig auglýstar upptökur. Nú er um að gera að skrá sig í félagið, mála sig rauðan og hvítan í framan, mæta á leiki og syngja sig hásan.

## Íslandsmótið í knattspyrnu

Hvíti Riddarinn og meistaraflokkur Aftureldingar tóku bæði þátt í Íslandsmótiinu í innanhússknattspyrnu nú á dögum. Hvíti Riddarinn keppti í 2. deild laugardaginn 27. nóvember og sigraði tvo leiki en tapaði einum. Fín frammiðastaða hjá Riddaramönnum þar sem þeir m. a. völduðu yfir Einherja 7-0. Afturelding hinsvegar keppti við sterkari lið enda í 1. deild og úr þeim náðist aðeins eitt jafntefli og tveir töpuðust. Andstæðingar Aftureldingar voru stórlíð Vals, Keflavíkur og Þróttar. Valsmenn tóku okkar menn í bakariði og unnu leikinn 6-0.



## Fréttamanna-stúka að Varmá

Fréttamannastúka hefur nú verið sett upp í nýja íþróttahúsinu að Varmá. Stúkan er glæsileg og gefur fréttamönnum gott svigrúm við vinnu sína á meðan íþróttatæburðir eru þar í gangi. Hún er hátt uppi og gefur gott útsýni yfir allan salinn. Stúkan sýndi mikilvægi sitt nú á dögum þegar Íslendingar tóku á móti Norðmönnum í handbolta. Nú er bara að vona að fréttamenn fjölmenni á leiki og láti fara vel um sig að Varmá.

Árleg uppskeruhátíð Aftureldingar er nýafstaðin

# Góð uppskera hjá íþróttamönnum



Sigurveggar úr hverri deild fyrir sig

Laugardaginn 26. nóvember var haldin uppskeruhátíð Aftureldingar fyrir árið 2005. Allar deildir völdu einstaklinga sem sköruðu framúr á þessu ári. **Daria Rudkova** varð fyrir valinu í blakdeildinni. Hún hefur staðið sig afar vel og hefur allt til að bera til þess að ná langt í greininni. Badmintondeildin valdi **Sindra Jarlsson** en hann varð Íslandsmeistari í B-flokki í einliðaleik á árinu. Fimleikadeildin tilnefndi **Láru Kristínu Pedersen** sem fimleikamann ársins en hún hefur unnið öll mót sem hún hef-

ur tekið þátt í og er nú Íslandsmeistari í almennum fimleikum. **Halldór Lárusson** er frjálsíþróttamaður ársins en hann varð einnig fyrir valinu sem íþróttamaður Aftureldingar. Halldór var afar sigursæll á þessu ári og vann þar á meðal þrettán Íslandsmeistararitla. Hjá handboltanum var það **Ernir Hrafn Arnarson** sem var valinn. Ernir hefur þróað ungan aldur náð að komast í landsliðshóp okkar Íslendinga og var lykilmáður hjá Aftureldingu á síðasta tímabili. **Kristján Helgi Carrasco** varð fyrir valinu



Íþróttamaður ársins ásamt stoltum foreldrum



Ernir Hrafn fær hamingjuóskir frá bæjarstjórnunum



Elísabet formaður færir Guðrúnu Kristínu starfsbikarinn

## Frábær sigur hjá okkar mönnum

Strákarnir í meistaraflokki Aftureldingar í handbolta, fögnuðu eins og þeir hefðu orðið heimsmeistarar eftir leik á móti Íslandsmeisturum Hauka. Leikurinn var sýndur beint í Ríkissjónvarpinu. Guðmundur Hrafnkels stóð sig eins og hetja á milli stanganna og hélt okkar mönnum við efnið. Næsti heimaleikur er 17. des kl. 16.15 á móti FH. Stuðhæurnar hvetja menn til að mæta tímanlega á völlinn og styðja sína menn til dæða.



Mikill fögnuður hjá strákunum okkar að leik loknum

Afturelding leikur í íþróttafatnaði frá Jako

NAMO ehf. - Þverholti 2 - Kjarna  
S. 566 7310 og 896 0131

Fax: 566 7241  
[namo@namo.is](mailto:namo@namo.is)







# Mosfellingar

**Það er okkar hægur  
að versla í bænum  
okkar fyrir jólin!**



*Komdu og  
slakaðu á  
fyrir jólin!*



## GJAFAKORT

Gefðu gjöf sem nærir líkama og sál  
Heilnudd, svæðanudd, steinanudd,  
heilun, gufuklefi og fleira.

NÝJAR PERUR

NÝJAR PERUR

NÝJAR PERUR

Sími: 5668 110



**PIZZA 67**

**SÓTT TILBOÐ**  
16" HAWAI PIZZA, SKINKA OG ANANAS  
AÐEINS 1199,-  
12" HAWAI PIZZA, SKINKA OG ANANAS  
AÐEINS 999,-

**PIZZA - PIZZA TILBOÐ**  
SÆKIR PIZZU OG BRAUSTANGIR EÐA HVÍTLAUKSBRÁÐ  
OG FÆRD AÐRA PIZZU SÖMU STÆRDAR FRÍTT M.E.D.

**HEIMSENDINGARTILBOÐ**  
16" M/ 2 ÁLEGGSTEGUNDUM  
STÓR BRAUSTANGIR OG 1 L. AF KÓK  
2.199,-  
12" M/ 2 ÁLEGGSTEGUNDUM  
LÍTILL BRAUSTANGIR OG 1 L. AF KÓK  
1.899,-

LÖGMARKSPUNTUN Í HEIMSENDINGUM  
FRÁ 1.199 OG HEIMSENDINGARGJALD Á  
KJALLARVIRDI FRÁ 200 KR.

**KOMIN M.E.D.  
ENSKA  
BOLTANN!**

**Coca-Cola**

Sími: 566-6667, HÁHOLT 14, 270 MOSFELLSBÆ  
Sunnudaga - fimfundaga 11:00-23:30 Föstudaga og laugardaga 11:00-23:30

# Opið

allan sólarhringinn

Við erum við Esso stöðina  
Háholti í Mosfellsbæ,  
Reykjavíkurvegi Haf,  
og í Bæjarlind Kóp.

**LÖÐUR**

- miðstöð bílaunnenda!

Fyrir þá sem hugsa vel um bílinn sinn! - Sími 544 4540





## Jólaleikrit í Bæjarleikhúsinu okkar

Sunnudaginn 4. desember var frumsýnt nýtt barnaleikrit í Bæjarleikhúsinu í Mosfellsbæ en höfundur og leikstjóri er Birgir J. Sigurðsson. Þarna koma fram Grýla, Leppalúði, jólasveinarnir og fleiri skemmtilegar persónur. Næstu sýningar verða laugardaginn 10. desember klukkan 14 og 16 og miðaverð er aðeins 500 krónur. Missið ekki af þessu einstaka tækifæri til að eiga ánægjulega stund með börnunum ykkar í leikhúsinu fyrir jólin!



## Glæpir á safninu

Bókmenntakvöld bóka-safnsins árið 2005 var haldið fimmtudaginn 24. nóvember. Glæpir voru allsráðandi þar sem rithöfundarnir Árni Þórarinnsson, Viktor Arnar Ingólfsson, Yrsa Sigurðardóttir og Ævar Örn Jóseppson komu og lásu úr verkum sínum. Einnig var Katrín Jakobsdóttir bókmenntafræðingur á staðnum og talaði almennt um glæpasögur en BA-ritgerð hennar var um íslenskar glæpasögur. Eftir upplestur voru svo fjórlegar umræður þar sem fólk forvitnaðist um vinnu rithöfunda og um glæpasögur almennt. Boðið var upp á veitingar og hugguleg stemning myndaðist. Úr varð glæsileg kvöldstund og fóru menn heim mun fróðari um glæpi en áður.



Búið er að draga út lóðir í hópum einbýlishúsa fyrir Krikahverfið

# Þessir fengu lóð í Krikahverfi

Dregnir voru út aðalmenn og varamenn fyrir hverja lóð.

**Hópur þrjú, aðalmenn voru:** Sturla Björn Johnsen, Gunnlaugur R. Magnússon, Elfar Bjarnason, Jón Steinsson, Sveinn Erling Sigurðsson, Guðmundur Hreinsson, Guðjón Haraldsson, Óli Geir Stefánsson, Björn Grétarsson, Samúel Sigurðsson, Einar Grétarsson, Gunnar Helgason, Tómas H. Unnsteinsson, Bergur Gunnarsson, Benedikt Eggertsson, Guðmundur Eliasson, Davíð Már Sigurðsson, Axel Gunnarsson, Ólafur Hjörtur Magnússon, Ingvar Páll Jónsson, Vala Steinunn Guðmundsdóttir, Ingvar Óskar Sveinsson, Kolbeinn Smári Óssurason, Sveinbjörn Kristjánsson, Elías Viðisson, Einar Egilsson, Sveinbjörn Sveinbjörnsson, Jón Rúnar Bjarnason, Ásgeir Erling Gunnarsson, Viðar Þór Hauksson, Ingólfur Arnarsson og Benedikt Arnar Viðisson.

**Varamenn fyrir þennan hóp eru:** Ragnar Viktor Karlsson, Jón Oddur Sigurjónsson, Geir Rúnar Birgisson, Grétar Indriðason, Guðmundur Bjarni Yngvason, Eiríkur Rúnar Eiríksson, Sveinbjörn Ingvar Sveinbjörnsson, Hreggviður Þorgeirsson, Hákon Pétursson, Jónas Þórðarson, Sverrir Sverrisson, Vilhjálmur H. Vilhjálmsson, Jóhann Oddnýr Pétursson, Guðjón Kristinsson, Guðmundur Örn Kjærnested,

Sesselja Kristjánsdóttir, Sigurður Böðvar Hansen, Gunnar Þór Jóhannsson, Auður Axelsdóttir, Magnús Þór Haraldsson, Skafti Jóhannsson, Eyvindur Ívar Guðmundsson, Sævar Freyr Þráinsson, Brynjar Danielsson, Baldur Þórir Jónasson, Einar Sveinn Jónsson, Helgi Kjartansson, Oddgeir Þ. Árnason, Helgi Þór Eiríksson, Elma Björk Diego, Hilmar Elísson og Bergþór Þórarinnsson

**Í hópnum tvö eru aðalmenn:** Jónas Björnsson, Gunnar Rúnar Oddgeirsson, Berglind Þóroddsdóttir, Baldur Maack, Einar Schweitz, Guðmundur Páll Magnússon, Haraldur Júlíusson, Ingibjörg Ólafsdóttir, Árni Einarsson, Andrés Arnalds, Kristján Örn Jónsson og Kristinn Þrastarson. **Varamenn fyrir hóp tvö eru:** Stefán Bjarnason Sigurðsson, Snæbjörn Jónsson, Jón Vilhjálmsson, Sigurborg Edda Agnarsdóttir, Gunnar Guðjónsson, Sigurbjörg Gíslason, Magnús Valur Jóhannsson, Kristín R. Sigurgeirsdóttir, Haraldur Ágúst Haraldsson, Einar Sævarsson, Hörður Harðarson og Gunnar Jónas Einarsson. **Hópur fimm inniheldur aðalmennina:** Páll Ágúst Ólafsson, Árni S. Sigurjónsson, Brynjar Danielsson og Bárður Ágúst Gíslason.

**Varamenn fyrir hóp fimm eru:** Grétar Indriðason, Hafþís Óskarsdóttir, Dagbjartur Þorbergsson og Ragnar Sveinsson.

**Í hópnum fjögur eru aðalmenn eftirfarandi:** Björgvin E. Björgvinsson, Jóna María Ásmundsdóttir, Elfar Trausti Guðmunds, Lena Haraldsdóttir, Grímur Grímsson, Einar Sævarsson, Marteinn Þ. Hjaltastéð, Matthías Helgi Júlíusson, Gísli Jón Magnússon, Hrafnhildur Harðardóttir, Lárus Björnsson, Jóhann Peter Andersen, Berþór Ingvar Björgvinsson, Guðmundur Hreiðarsson, Ari Hermann Oddsson og Guðmundur Sigþórsson.


**Varamenn fyrir hóp fjögur eru:** Guðmundur Ármann, Böðvarsson, Kristján Sigurðsson, Úlfar Egir Þórðarson, Hallgrímur Óskarsson, Hallgrímur Jónasson, Hrafn Hauksson, Bragi Ragnarsson, Gísli Borgfjörð Þorvaldsson, Kristín Þóroddsdóttir, Hilmar Hróarsson, Ingi Már Gunnarsson, Sigurgísli Jónasson, Ragnar Kristinn Ingason, Sigurður Jóhann Sigurðsson, Magnús Þór Magnússon og Ingvar Óskar Sveinsson.

Vegna of marga ófullnægjandi umsókna er varðar parhúsaæiningar hefur verið ákveðið að gefa þeim sem áttu þær umsóknir tækifæri til þess að lagfæra þær og rennur frestur til þess að skila þeim inn, út kl. 09.00 mánudaginn 12. desember. Eftir það verður svo dregið úr gildum umsóknum. Allar upplýsingar má finna á mos.is

Auglýsingastjóri Mosfellings er Margrét Lára Höskuldsdóttir

[auglysingar@mosfellingur.is](mailto:auglysingar@mosfellingur.is)

Næsta blað kemur út 22. desember



# Í eldhúsinu hjá Hlyni

## Engiferbrauð

Þrátt fyrir mikinn þrýsting og mútufé fæst Hlynur ekki til að gefa upp aðferðina við að baka hið sívinsæla þjálfarabrauð sitt. Þjálfarabrauðið er með leynilegri uppskrift og verður hann því að aðstoða Mosfellsbakari við að baka það í hverri viku.

Brauðið sem Hlynur ætlar að gefa uppskriftina að er gott skammdegis- og hátíðarbrauð. Því miður er ekki sama sprengiorka í því og í dularfulla þjálfarabrauðinu. Þetta brauð kys hann að kalla Engiferbrauð. Hafið ca. sex kökuform smurð við hendina. Forhitið ofninn í 180°. Takið fram tvær skálar til að blanda í. Í aðra skálina fer molasses og yougurtið, í hina fer saltið, hveitið, kanillinn, engiferið og matarsóðinn. Hræðið í hvoru fyrir sig og blandið síðan saman (naúðsynlegt er að fara með afslöppunarpulu meðan á þessu stendur) - hellið rólega í formin og látið bakast í 40 mínútur. Brauðið er tilbúið ef ekkert deig loðir við þegar þrjóni er stungið í brauðið og dreginn út.

Með dularfullri kveðju,  
Hlynur Chadwick Guðmundsson



- 2/3 bolli jurtaolía
- 1 bolli molasses
- 11/2 bolli lífrænt yougurt
- 6 bollar hveiti
- 1 teskeið salt
- 1/2 teskeið mulinn negull
- 11/2 teskeið mulinn kanill
- 1 teskeið mulinn engifer
- 2 teskeiðar af matarsóða

Þjálfarökuhús  
Þjálfarökur  
Þjálfarökudeig





# Sýning og hátíðardagskrá í tilefni þess að fimmtíu ár eru liðin frá afhendingu Nóbelsverðlauna Halldórs Laxness

**Gljúfrasteinn** stendur fyrir sýningu í **Þjóðmenningarhúsinu** við Hverfisgötu í Reykjavík í tilefni af því að fimmtíu ár eru liðin frá því að Halldór Laxness fékk Nóbelsverðlaunin í Stokkhólmi. Sýningin verður opnuð með fjölbreyttri dagskrá 10. desember. Dagskráin hefst kl. 11 og stendur til kl. 22 þar sem úrval listamanna koma fram. Meðal þess sem sýnt verður á sýningunni í Þjóðmenningarhúsinu er kjóll Auðar Laxness sem hún klæddist við Nóbelsverðlaunaafhendinguna 1955, borðbúnaður frá Nóbelssafninu í Svíþjóð, mynd Ósvaldar Knudsen og Nóbelsverðlaunin sjálf.

Þjóðmenningarhúsið verður opið upp á gátt allan laugardaginn og verður komið fyrir kaffihúsi í bókasalnum þar sem hátíðardagskráin fer fram. Aðgangur er ókeypis.

## Dagskrá 10. desember 2005

Kl. 13.00 Hvert örstutt spor  
Kór Kársnesskóla syngur og les upp undir  
stjórn Þórunnar Björnsdóttur

Kl. 14.00 Málþing í samvinnu  
við Lesbók Morgunblaðsins

Jón Karl Helgason:  
Stemmning í Stokkhólmi

Bergljót Kristjánsdóttir:  
Veðreiðahestur með sorpavn í eftirdragi?  
Um viðtökur við verkum Halldórs Laxness  
fyrir og eftir Nóbelsverðlaun

Stjórnandi málþings og umræðna er  
Guðmundur Heiðar Frímansson

Kl. 15.00 Hjá lygnri móðu  
Ragnhildur Gísladóttir og Davíð Þór Jónsson

Kl. 17.00 Bráðum kemur betri tíð  
KK spilar og syngur fyrir gesti

Kl. 18.00 Láttu augvan mann segja þér  
Flís hittir Laxness. Flístríó Davíðs Þórs Jóns-  
sonar, Valdimars Kolbeins Sigurjónssonar og  
Helga Svavars Helgasonar.

Kl. 20.00 Unglingarnir í skóginum  
Nýhil hópurinn

Haukur Már Helgason

Kristín Eiríksdóttir

Valur Brynjar Antonsson

Örvar Póreyjarson Smárasón

Óttar Martín Norðfjörð

Ófeigur Sigurðsson

Eiríkur Örn Norðdahl

Böðvar Yngvi Jakobsson flytur ljóð afturábak

Dóri DNA flytur rímur og rapp

*Leikstjóri hátíðardagskrár er  
Viðar Eggertsson*

*Frekari upplýsingar veitir Guðný Dóra Gestsdóttir forstöðumaður á Gljúfrasteini s. 863 0685 / 586 8066*

## Stæði fyrir stóra bíla

við Bogatanga,  
Dælustöðvarveg  
og Skeiðholt

Stórbílastæði sem eru á ofangreindum þremur stöðum í Mosfellsbæ eru eingöngu ætluð fyrir stóra bíla s.s. vörubíla, sendiferðabíla eða samsvarandi atvinnutæki. Óæskilegt er að þessum atvinnutækjum sé lagt í eða nærri íbúðabyggð á örðum stöðum. Óheimilt er að geyma á stæðunum hjólhýsi, kerrur, vagna eða vinnuvélar, sbr skilti við stæðin.

Frá og með 15. janúar verður sá búnaður sem óheimilt er að geyma á þeim fjarlægður á kostnað og ábyrgð eiganda að undangenginni álímdri tilkynningu þar um.


Samkvæmt samþykkt Mosfellsbæjar um umgengni og þrifnað utanhúss í Mosfellsbæ nr 321/2001.



Bæjarverkfræðingur

## Jólabækurnar eru komnar!

Bókasafnið er opið  
frá kl. 12-19 virka daga  
og 12-15 á laugardögum.



ALLIR VELKOMNIR

Bókasafnið á  
torginu í Kjarna



Auðveldir í uppsetningu

## Ljósakross

Jólin nálgast og tilfalið að setja upp ljóstann kross á leið á ástvína. Hvítu plastkrossarnir frá Búrek henta þeim sem vilja annast ljósinguna sjálfir fremur en að leigja krossa. Ljósakrossarnir eru með fjórum díóðum sem fá orku frá venjulegum vasaljósaraflhóðum og duga í allt að 30 daga

## BYMOS

BYGGINGAVÖRUVERSLUN  
MOSFELLSBÆJAR  
Urðarholt 4 - sími 586 1210

## BYMOS





## Gullpullan 2005

Við ákváðum að gera úttekt á pullum bæjarins til að komast að því hver hin sanna gullpýlsa bæjarins er.

Fyrst lá leið okkar á Olís sem eru tiltölulega nýbyrjaðir í pullu-bransanum. Þeir voru með hálfgerða amatör-pullu sem var ekki sú besta en ekki sú versta. Þar ákváðum við að

skella okkur á eina beikonvafða en beikonið var

olis

## GRILLNESTI

bragðlaust.

Næst lá leið okkar á Grill-Nesti. Þar fengum við okkur eina með öllu sem var frekar slöpp.

Brauðið

var hálfkalt og pullan eitthvað skrytín.



Svo fórum við á Snæland Video. Þar var engin amatörpulla á ferðinni heldur fagmannlega matreidd snilldarpulla sem kom sterklega til greina sem gullpullan.

Næst var prufað á Bónus-video sem einnig eru óreyndir í bransanum en hún kom skemmtilega á óvart vegna

BÓNUSVIDEO

gríðarlegs eftirbragðs.

Síðast fórum við á Essó. Þar var úrvalið gríðarlegt og hráefnið á pulluna var mikið. Þar var þjónustan til fyrirmyndar og fyrir valinu var bragðsterk pýlsa sem smakkaðist gríðarvel og sú pýlsa stóð uppi sem sigurvegarinn og fær því nafnbótina Gullpullan.

Esso

Fimm pullur eru ávísun á salernið



Gísli og Sjonni

# Heilsa fyrir heilsu?



Þá erum við að nalgast blessuð jólin og farinn að færast jólaflíngur yfir strákinn. Neyslumenn-ingin hefur aldrei verið meiri en akkúrat núna og er hápunktur hennar klárlega blessuð jólin. Það er líka nokkuð fyrirséð að hún muni ná nýju hámarki um næstu jól. En þetta hefur sína kosti og galla að mínu mati. Nú á seinni árum, þegar umræðan um líkamsrækt og heilsusamlegt lífni hefur náð nýjum hæðum og aldrei verið háværrari, sem er þó mjög góður kostur, er um leið svolítið verið að veiga að okkar leið til að halda jólin, þar sem landinn fer á þvífíkt matar- og vínsukk að það er engu lagi líkt. Það er bara eins og öll þjóðin sé í útskriftarferð eftir framhaldsskóla. Þá auðvitað meina ég að fólk fer á svona tja...matarfylleri, þótt að auðvitað sé ekki laust við að bitanum sé skolað niður með miðinum góða. En ég tel þetta ekki vera slæman kost. Sama þótt að næringarfræðing-ar sitji heima og nagi gulrót og ói yfir þessum ósköpum og heilsuníði. Ég segi heilsu fyrir heilsu. Þetta kann að vera líkamlega óhollt og kosta nokkur kíló en þetta er bara svo andlega hollt...ha! Ég meina maður bíður eftir þessu allt árið og maður er eins og nýr einstaklingur á eftir. Endurnærður og sáttur. Hvað er betra en að sitja með fjölskyldunni eða í góðra vina hópi með nóg af öllu sem að hugurinn girnist? Hlæja saman og njóta þess að vera til. Það er fátt betra og ég segi: njótið þið jólaanna og njótið þið þess að vera til! Auðvitað þýðir ekkert að missa sig og láta ekkert renna af sér fyrr en í febrúar, heldur taka þetta með trompi og mæta svo í ræktina strax eftir þrettándann... Gleðileg Jól Mosfelling-ar, það er ekkert nema ást hérna megin....




Ásgeir „Slææ“ Jónsson

Skrifar um matarvenjur Íslendinga fyrir jólin  
asgeir@mosfellingur.is

## Viðgerðir og framleiðsla reiðtygja

þ.m.t. hnakkdýnur, hnakktöskur, járningasvuntur og skálmar,



Þverholti 2 - Sími: 566 7450



Hey, Biggi það er verið að taka mynd af okkur!

Svona, farðu frá, erum við ekki að spila Tunglskinssónetuna?

Félögunum Braga og Bigga er ýmislegt til lista lagt.

Lesið af vörum

## Hljómur á Ásláki

laugardagskvöldið

FRÍTT 17. des INN



Táníngafraeðarinn!!!





VILTU GERA MÉR  
PANN HEIÐUR  
AÐ PYGGJA  
ÞESSA RÖSP?



ÞÚST... LOL  
NEI

# Oh... ég elska bloggvara!

Skemmtileg menning sem hefur þróast núna, það er þessi bloggmenning.

Þar sem allir skoða hjá öllum og ef viðkomandi er í góðu skapi þá jafnvel kvittar hann fyrir sig með gullsetningu eins og: „Geðveik síða hjá þér, keep up the good work!“ Indælt...

Mjög margir eru með bloggfélög, sem er frábært afþreyingarefni og alltaf eitthvað sniðugt og skemmtilegt að skoða. Sem er ekkert nema jákvætt.

En svo eru alltaf þessir dásamlegu einstaklingar sem eru að blogga um gjörsamlega ekki neitt. Bara svona hvað þeir hafa borðað yfir daginn og hversu furðulega margar klósettferðirnar voru yfir helgina. Vil miðla þakklæti mínu að slíku gullfólki! :)

Svo eru það nýjungar um þessar mundir sem ég skil bara algjörlega ekki. Endilega ef ég er bara sein, og þetta er það sem fólk er að stunda núna, þá bið ég forláts á fáfræði minni.

Það er hið svokallaða “msn hözzl”!

Tökum dæmi. Ég var í tölvunni í síðustu viku eitthvað að nördast þar sem ég er tölvusjúklingur. Svo addar mér strákur, sem heitir einhverju



óskiljanlegu nafni, á msn-listann sinn. Ég kannast ekki við kauða og spyr:

K: Hver ert þú?  
N: Ég heiti Nonni  
K: Já ok... þekki ég þig?  
(Kall með undrandi augu)  
N: Nei

K: Ok... hvernig fékkstu þá msníð mitt? (Kall sem finnst viðkomandi vera örlítið krípi)

N: Ég sá þig á nfvi.is og mér finnst þú vera sæt, þar sem stóð í hjúska-parstaða hjá þér: „Fat single and ready to mingle,” ákvað ég að grípa tækifærið!

K: (Wtf, I a f a n d i höku kall)  
N: Viltu hitta mig?  
K: Nei!



N: Má ég fá númerið hjá þér?  
K: Nei!  
N: Ok tala við þig seinna!  
K: (Block and delete!)

Smá tipps frá mér: Strákar þetta er ekki að virka! Á hvaða degi sem er mundi ég frekar falla fyrir: „That’s what I thought, maaaaade in heaven!” ;)



Kara



Aeli og Hlynur



TVÍFARAR • RASAFÉLTI

## MOSEFELLINGUR mælir með...



...bókinni: Mosfellsbær - saga byggðar í 1100 ár. Hvað er betra en að hafa það huggulegt, slaka á, njóta þess að vera til og fræðast um sitt nánasta umhverfi um hátíðirnar? Pottþétt jól



## Pizza Pizza tilboð

Þú sækir pizzu og stóran skammt af brauðstöngum og færð aðra **frítt** með.



Gildir ekki með öðrum tilboðum, greitt fyrir dýrari pizzuna.



# Spurning til bæjarbúa

Hvað langar þig í jólagjöf?

Gréta



Mig langar í bókina Eragon

Hjalti



Frið í heiminum

Jón Þór



Útvarp eða græjur

Klara



PSP-tölvu

Linda



Mig langar í nýjan síma

Óli í Áningu



Eiginlega ekki neitt sérstakt, bara góðan mat...

# HAVERILIR VORUÐI HAVERILIR



Selma, Leó, Fannar og Arnar gríðarhress á kantinum



Fía, Air, Gugga og Fanney



Mæðginin á balli boltanna



Eintóm hamingja!!



Er ekki allt í gúddi??



Bjúgnakrækir, Stúfur og Kertasníkir



Gummi Hrafnkels skrifar undir eilífðarsamning við Aftureldingu



Með tvo í takinu Kann að veiða þessi!!



Heitustu naglar mosó! ÚFF!!



Mikil hamingja í Hlégarði



Gleði Gleði!!!



Fótboltaþræðurnir



Hugljúfir tónar



Folda og Odda



Steindi Jr. með allt niðrum sig




Bjarki, Anna og Lalli voru flott á uppskeruhátíðinni



Krakkar!! Ekki gleyma að brosa!! Dises!



Gummi og Magni



Gaman í Kjarnanum



Reykja-Þórður og Akra-Óli



Hörkustuð á Draumakaffi



Einn á lúðurinn



Hrannar og Patti fyrir leikinn við Norsarana



Mosskeggur hjómar vel



Maggarnir og allt að gerast



Einar, Gylfi og Keli í sparifötunum sínum



Árni og Hrafn ræða um veðrið



Spáð og spekúlerað



16. DES

ÍRIS HÓLM

TEKUR LAGIÐ

HÆGT OG HLJÓTT

Í IDOL STJÖRNULEIT

Endilega sendið okkur myndir - mosfellingur@mosfellingur.is





# Við vinnum fyrir þig

Landsbankinn Höfðabakka – alltaf í leiðinni

410 4000 | [landsbanki.is](https://landsbanki.is)



**Landsbankinn**  
Banki allra landsmanna





**Bestu pizzurnar  
í bænum**

PVERHOLT 2 - KJARNI

# MOSFELLINGUR

**GK**  
Snyrtistofa

**Kjarna**  
Pverholti 2  
Sími: 534 3424



Ljósmynd: Anna María

## Hver er sinnar gæfu Smiður

Nú á dögum var haldin hin árlega hrútasýning á Kiðafelli í Kjós. Keppt var í flokki lambhrúta og í flokki veturgamalla hrúta. Sigurvegarinn í ár var hrúturinn Smiður en í fyrra var það einmitt pabbi Smiðs sem bar sigur úr býtum. Eigandi hrútsins er Orri Snorrason bóndi á Morastöðum. Hann hefur verið sigursæll á hrútasýningunni síðustu ár og sagrað þrisvar sinnum á síðustu fjórum árum. Að sögn Orra er hann þó ekki einn um Smið því að Orri gaf Kristjáni heitnum í Flekkudal hrútinn í fyrra. Smiður fór þó aldrei í Flekkudalinn vegna plássleysis þar á bæ. Orri ætlar að láta grafa nöfn þeirra beggja á sigurskjöldinn því að hrúturinn var gæluverkefni þeirra félaganna. Smiður hlaut 85 stig sem þykir mjög hátt á landsvísi. Galdurinn á bak við þennan góða árangur telur Orri vera konu sinni, Maríu Dóru Þórarinsdóttur, að þakka en hún sér um allar sæðingar enda búfræðingur að mennt. Lengst til vinstri á myndinni má sjá Orra á Morastöðum með skjöldinn góða.



**Sími:**  
**588 55 30**

Netfang: [berg@berg.is](mailto:berg@berg.is) • [www.berg.is](http://www.berg.is)

**Opið virka daga frá kl. 9-18**



Sigrún Stella Einarsdóttir  
Löggiltur fasteignasali  
GSM: 824 0610



Pétur Pétursson  
Löggiltur fasteignasali  
GSM: 897 0047



### Lágholt

Nýtt í sölu. Afar glæsileg og mikið endurnýjuð 224 fm einbýlishús með 30 fm bílskúr á eftirsóttum stað í Mosfellsbæ. Eignin er með góðum innréttingum og gólfefnum. Rúmgott eldhús með nýrri og fallegri innréttingu. 4. góð parketlögð svefnherbergi. Gullfalleg arinn stofa. Sér sjónvarpsstofa. Garður í góðri rækt með garðskála og heitum potti. Þetta er eign fyrir vandláta. **V. 41,5 m.**



### Leirutangi

Nýkomin í sölu falleg 92,5 fm. íbúð á jarðhæð með sér inngangi við Leirutanga í Mosfellsbæ. Flísar á stofu. Útgegn í sér garð úr stofu. Hellulögð verönd. Fallegt eldhús með góðri eldhúsinnréttingu. Flísar á baði. Sér þvottahús. Tvö svefnherbergi. Mjög barnavænt umhverfi. **V. 18,2 m.**



### Efstu-Reykir

Nýkomið í einkasölu mjög fallegt og vel byggt tveggja hæða einbýli í útjaðri byggðar í Mosfellsbæ. Stórt land sem er vel gróið, skógur og afar fallegt umhverfi. Heitur pottur og sólballur. Frábært útsýni. Örstutt í fallegar gönguleiðir. **Sjón er sögu ríkari.**



### Víðiteigur - raðhús

Vorum að fá í sölu mjög skemmtilegt 99 fm. raðhús við Víðiteig. Góð gólfefni. Beykiparket. Flísar á baði. Opin og björt stofa með útgengi í stóran og vel gróinn garð sem snýr í suður. Gróðurhús í garði. Tvö góð svefnherbergi. Stigi á efra loft. Á efra lofti er ca. 20 fm. herbergi með flisumá gólf. Getur nýst sem svefnherbergi, tómstundarymi eða sjónvarpsherbergi. Eignin stendur við gróna götu. Næg bílastæði.

Berg fasteignasala stofnuð 1989

[mosfellingur@mosfellingur.is](mailto:mosfellingur@mosfellingur.is) - [www.mosfellingur.is](http://www.mosfellingur.is)